

Heilsuvernd grunnskólabarna

Rannveig Elíasdóttir og Brynhildur Smáradóttir



Deild hjúkrunarfræðinga við Eyjafjörð er hluti af Félaga íslenskra hjúkrunarfræðinga sem á 100 ára afmæli í ár. Af þessu tilefni hafa hinir ýmsu hjúkrunarfræðingar í Eyjafirði skrifað greinar sem fjalla um þá og þau fjölbreyttu störf sem þeir inna af hendi í samfélaginu okkar.

Við heitum Rannveig Elíasdóttir og Brynhildur Smáradóttir. Rannveig útskrifaðist frá HA árið 2007 og Brynhildur útskrifaðist frá HA 1999, Diploma í Heilsugæsluhjúkrun frá HÍ 2006.

Við vinnum báðar hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands við Heilsuvernd grunnskólabarna, Brynhildur er búin að vera í heilsuvernd grunnskólabarna síðan árið 2005 og Rannveig síðan árið 2011. Áður störfuðum við báðar á barnadeild Sjúkrahússins á Akureyri.

Hlutverk hjúkrunarfræðinga í heilsuvernd grunnskólabarna eða „skólahjúkkunnar“ eins og við erum gjarnan kallaðar, er að sinna heilsuvernd nemenda og er í beinu framhaldi af smá- og ungbarnavernd. Okkar starfsemi er skv.lögum og reglugerðum sem um hana gilda. Hún er meðal annars fólgin í reglubundnum skimunum og eftirliti í fjórum árgöngum (1., 4., 7. og 9. bekk), ónæmisaðgerðum, heilbrigðisfræðslu í öllum árgöngum og teymisvinnu í kringum einstök mál. Margir halda að hjúkrunarfræðingar inni í grunnskólum sitji inni á skrifstofunni sinni og bíði eftir að einhver nemandi verði óheppinn og vanti plástur. Það er hins vegar minnsti þátturinn í okkar vinnu enda óþarft að kalla eftir hjálp hjúkrunarfræðinga þegar börnum vantar plástur, flestir ráða við þá vinnu. Við erum hins vegar til taks ef um slæm meiðsli er að ræða þ.e.a.s. þegar við erum á staðnum. Oft erum við líka á ýmsum þverfaglegum teymisfundum

Áskoranir – Okkar markmið er að stuðla að því að börn fái að þroskast við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Þegar maður vinnur við heilsuvernd grunnskólabarna þarf maður að vera mjög sjálfstæður í vinnubrögðum og eiga góð samskipti við starfsfólk skólans og foreldra, því við vinnum að mestu einar út í grunnskólunum. Andleg veikindi eru einnig töluverð áskorun þar sem kerfið hefur ekki upp á marga kosti að bjóða fyrir börnin. Oft eru biðlistar langir og þá erum við hjúkrunarfræðingar og námsráðgjafar skólans þeir einu sem barnið hefur aðgang að til að vinna úr erfiðleikum. Einnig má nefna sem áskorun öll þessi þverfaglegu vinnu sem við erum hluti af. Við vinnum fyrir heilbrigðiskerfið með skólakerfinu og félagaskerfinu. Við erum ávallt málsvavar okkar skjólstæðinga og okkur ber að hafa þeirra hag ávallt fyrir brjósti. Þetta er mikil þverfagleg vinna sem maður þarf að kunna vinna með.

Tækifærin í heilbrigðiskerfinu felast í því að efla hjúkrun á Íslandi. Við þurfum að fjölga hjúkrunarfræðingum og efla menntun þeirra. Meta menntun hjúkrunarfræðinga til betri launakjara og bera meiri virðingu fyrir hjúkrunarstéttinni almennt. Við þurfum fleiri meistara og doktors menntaða hjúkrunarfræðinga. Fleiri sérmenntaða hjúkrunarfræðinga t.d. heilsugæsluhjúkrun, svæfingahjúkrun, skurðstofuhjúkrun, bráðahjúkrun og gjörgæsluhjúkrun svo eitthvað sé nefnt. Skemmtilegast við starfið okkar eru auðvitað börnin sem við erum að vinna með og sinna og hvað starfið okkar er fjölbreytt. Þetta er eins og með flest störf að hver og einn gerir sitt starf eins skemmtilegt og gefandi eins og hann gefur af sér sjálfur.

Hvar sjáum við okkur eftir 20 ár – Með meiri menntun og að vinna við það sem okkur finnst skemmtilegt og gefandi.